

HÉRAÐSBÓKASAFN AUSTUR- HÚNAVATNSSÝSLU

Fundur í stjórn Héraðsbókasafnsins haldinn þann 26. nóvember 2008.

Mættir eru undirritaðir.

Dagskrá.

- 1) Bókakaup
- 2) Tölvumál og skráning safnsins
- 3) Önnur mál

Afgreiðslur:

- 1) Farið yfir Bókatíðindi 2008 og ákveðið hvaða bækur verði keyptar af nýju bókunum.
- 2) Katharina, forstöðumaður hefur farið suður á námskeið í tölvuskráningu hjá Gegni, landskerfi bókasafna og er byrjuð að skrá bækur á Héraðsbókasafninu. Keyptur hefur verið nýr lesari og nýjar strikamerkingar. Hún hefur einnig farið tvívegis til Hvammstanga þar sem þetta kerfi er í notkun. Ætlunin er að skrá nýju bækurnar jafnóðum og þær koma og svo þær eldri smám saman. Eftir áramótin verður byrjað á notendaskránni. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir ennþá en er væntanleg. Fyrir liggur að kaupa tölvu til notkunar við útlán, strikamerkingaprentara og hugsanlega annan lesara.
- 3) Önnur mál. Rætt um sektir og gjöld ef fólk skilar ekki bókum á réttum tíma. Vanskilagjald ákveðið kr. 50 pr. viku.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Gréta Björnsdóttir

Hlíf Sigurðardóttir

Stefanía A. Garðarsdóttir

Katharina A. Schneider